

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra, 135. fundur

135. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra haldinn miðvikudaginn 11. maí 2011, kl.14.00 til 16.00 á skrifstofu HNE að Furuvöllum 1, Akureyri. Mættir voru: Þórdís Rósa Sigurðardóttir, Birna Jóhannesdóttir, Hafsteinn Gunnarsson, Steinn Karlsson, Kristín Halldórsdóttir, Þorkell Björnsson, Þórey Agnarsdóttir og Alfreð Schiöth, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð**
- 2. Skýrt frá málþingi um vatnshlot og framkvæmd vatnatilskipunar EB.**
Alfreð Schiöth skýrði frá málþingi um vatnshlot, þar sem norskir sérfræðingar miðluðu af reynslu sinni varðandi innleiðingu og framkvæmd vatnatilskipunar EB. Tilskipuninni er ætlað að koma í veg fyrir frekari afturför vatnavistkerfa og vernda og bæta ástand vatnavistkerfa. Í framhaldi af fundinum var nánara kynningarefni frá Umhverfisstofnun sent út til fulltrúa í heilbrigðisnefnd.
- 3. Skýrt frá vorkundi framkvæmdastjóra HES með UST, MAST og ráðuneytum, sem var haldinn á Ísafirði 4. og 5. maí s.l.** Alfreð Schiöth skýrði frá helstu umræðuefnum á fundinum, m.a. hvað varðar framsal á eftirliti frá Umhverfisstofnun (UST) og Matvælastofnun (MAST) til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES). Ekki er lagastoð fyrir framsali frá UST til HES. Framsal eftirlits frá MAST til HES er vandkvæðum háð þar sem gjaldskrá MAST er lægri en gjaldskrár hjá HES og ekki er heimilt að innheimta hærri gjöld en sem nemur gjaldskrá MAST. Á fundinum var einnig fjallað um dioxín málið í Engidal og þann lærdóm sem má draga af málinu, um áhættugreiningar í matvælaframleiðslu og skipulagningu eftirlits. Þá var fjallað um framtíðarsýn MAST og UST og um ýmiss samstarfsverkefni þessara stofnana við HES.
- 4. Fráveitur til sveita; staða mála m.t.t. reglugerðar um fráveitur og skólp.** Alfreð Schiöth og Þorkell Björnsson skýrðu stöðu mála varðandi fráveitur þar sem viðtakandi er ferskvatn og vöktu athygli á nokkrum þáttum sem taka þarf betur á. Heilbrigðisnefnd samþykkti eftirfarandi bókun:

Í framhaldi af erindi Umhverfisstofnunar um slaka stöðu á fráveitukerfum sveitarfélaga og skyldur heilbrigðisnefndar til að knýja á um úrbætur; þá beinir heilbrigðisnefnd þeim tilmælum til sveitarstjórna að sækja með formlegum hætti um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar fyrir öllum fráveitum fyrir 1. september 2011. Jafnframt er farið fram á að með umsókn um starfsleyfi fylgi tímasett framkvæmdaáætlun um úrbætur til samræmis við reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999.

Heilbrigðisnefnd áréttar mikilvægi þess að sveitarfélög skipuleggi reglubundna tæmingu allra rotþróa; hvort sem er um að ræða heilsárshús, sumarhús eða hreinsivirki á vegum sveitarfélaga. Mikilvægt er að

verktakar sem sjá um tæmingu rotþróa skili til sveitarstjórnar skýrslu um frávik, t.d. þegar rotþró eða siturlagnir og síubeddar þarfnast lagfæringa eða endurnýjunar. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að sveitarstjórnir gangi á undan með góðu fordæmi og geri nauðsynlegar lægfæringar og úrbætur á skólphreinsivirkjun sveitarfélaga, t.d. þar sem vantar siturlagnir og síubedda við rotþrær og einnig þar sem skólþ getur spillt grunnvatni vegna mikillar lektar í jarðvegi (t.d. í hrauni). Í þessu sambandi er vísað til tímamarka til úrbóta í reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 (frestur til úrbóta rann út þann 31. desember 2005) og einnig til leiðbeiningabæklings Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir (sjá heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is).

5. Kynning á skýrslu um dvalarheimili. Þórey Agnarsdóttir skýrði frá skýrslu um könnun á aðstöðu og verklagi á dvalarheimilum aldraðra m.t.t. hollustuhátta og öryggismála. Um er að ræða samvinnuverkefni Umhverfisstofnunar (UST) og heilbrigðiseftirlitssvæða og mun skýrslan birtast á næstunni á heimasíðu UST.

6. Skýrt frá námskeiði um skoðun og eftirlit á loftræsti- og hitakerfum og hitaveitu- og frárennislögnum. Þórey Agnarsdóttir skýrði frá námskeiðinu, m.a. kom fram að afar mikilvægt er að alltaf verði gerð handbók fyrir lagnakerfi í viðkomandi húsnaði og að umhirða, viðhald og eftirlit verði í samræmi við handbók. Þórey tók einnig dæmi af loftræstikerfum í nokkrum grunnskólum á Akureyri m.t.t. þessa.

Umsóknir um starfsleyfi:

- a) Hótel Reynihlíð hf. kt. 671261-0119, Austurhlíð, 660 Mývatn, gististaður, umsókn um endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
- b) Björg, Þingeyjarsveit. Hlöðver P. Hlöðversson, kt. 180455-4859, umsókn um starfsleyfi fyrir gistingu á einkaheimili. **Samþykkt.**
- c) Sólco ehf. kt. 681008-0470, Grillskálinn Þórshöfn veitingastaður, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
- d) Garður 1, 671 Kópaskeri Helga Árnadóttir, kt. 130779-4689, umsókn um starfsleyfi fyrir gistingu á einkaheimili. **Samþykkt.**
- e) Lundur ferðaþjónusta, 671 Kópaskeri, Axel Yngvason, kt. 130155-3679, Vogum, 671, Kópaskeri. Gististaður flokkur V. Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi v/breytingar á rekstraraðila. **Samþykkt.**
- f) Víðiholt 1, 641 Húsavík, Huld Aðalbjarnardóttir kt. 070268-5669. Gististaður/íbúð flokkur II, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
- g) Gunnar Hnefill Örlygsson, kt. 020190-3669, Garðarsbraut 63, 640 Húsavík. Gististaður fl. 1, gisting í heimahúsi, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
- h) Hjá Beggu og Kaffi Költ ehf, kt. 670209-2370, Geislagötu 10, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur á kaffihúsi. **Samþykkt.**
- i) Sigtryggur Sigtryggsson, kt. 040571-5079, Helgamagrastræti 30, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
- j) Brekkusel ehf, kt. 430506-0990, Byggðavegi 97, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstri á gistiheimili. **Samþykkt.**
- k) Brekkusel ehf, kt. 430506-0990, Bjarkarstíg 7, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð. **Samþykkt.**

- l) Brekkusel ehf, kt.430506-0990, Brekkugötu 33, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
- m) Leó Fossberg Júlíusson, kt. 090175-5569, Lundargötu 10, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
- n) Leó Fossberg Júlíusson, kt. 090175-5569, Veigahalli 3, Svalbarðsstrandarhreppi, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
- o) Leó Fossberg Júlíusson, kt. 090175-5569, Vaðlaborgum 18, Svalbarðsstrandarhreppi, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
- p) Einar Örn Grant, kt. 081149-7399, Litla-Hvammi, Svalbarðsstrandarhreppi, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
- q) Húðflúrstofa Norðurlands, kt. 060386-2349, Gránufélagsgötu 4, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi. **Samþykkt.**
- r) Sandblástur og málmhúðun/Ferrozink, kt. 460289-1309, Árstíg 6, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. Alfreð Schiöth skýrði forsögu málsins og kynnti drög að sértækum starfsleyfisskilyrðum vegna zinkhúðunar með heitgalvaniseringu, sem hafa verið til vinnslu í starfshópi Umhverfisstofnunar og heilbrigðisefirlitssvæða. Heilbrigðisnefnd **samþykkir fyrirnefnd sértæk starfsleyfisskilyrði vegna zinkhúðunar með heitgalvaniseringu og samþykkir endurnýjun á starfsleyfi Sandblásturs og málmhúðunar með vísan til nýrra starfsleyfisskilyrða.** Framkvæmdastjóra er falið að kalla eftir tímasettri framkvæmdaáætlun til úrbóta hjá fyrirtækinu.
- s) Mótorhjólasafn Íslands, kt. 601207-2060, Krókeyri 2, 600 Akureyri. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
- t) Heilsuþjálfun ehf, kt. 691107-2130, Tryggvabraut 22, 3, hæð, 600 Akureyri. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
- u) Heilsukjarninn, kt. 700708-0550, Tryggvabraut, 600 Akureyri. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**

7. Önnur mál.

Kristín Halldórsdóttir vakti athygli á mælingum sem MS Akureyri hefur gert á mjólk á sínu starfssvæði m.t.t. díoxína; ekkert fannst í sýnunum.

Þorkell Björnsson kynnti málefni er varðar leikskólann á Þórshöfn m.t.t. húsnaðis og leiktækja.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður

Alfreð Schiöth

Sigurjón Jóhannesson

Þorkell Björnsson

Birna Jóhannesdóttir

Þórey Agnarsdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

Þórir V. Þórisson

Steinn Karlsson

Kristín Halldórsdóttir